

Rangárþing ytra
Jón Ragnar Örlygsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 9. ágúst 2024
UST202407-212/A.B.
10.04.00

Efni: Umsögn - Skilti á Orkuslóð á Þjósársvæði - Rangárþing ytra

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþing ytra er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um byggingarleyfisumsókn vegna uppsetningu skilta á Orkuslóð á Þjósársvæði í Rangárþing ytra.

Í erindinu kemur fram Landsvirkjun óskar eftir leyfi til uppsetningar á skiltum á þremur stöðum innan sveitarfélagsins í tengslum við verkefnið Orkuslóð. Orkuslóð á Þjósársvæði hefur það markmið að efla upplýsingagjöf til ferðafólks sem fer um þau svæði þar sem Landsvirkjun er með starfsemi sína. Á skiltunum eru almennar upplýsingar um svæðið og starfsemi Landsvirkjunar ásamt öryggisleiðbeiningum. Þeir staðir sem um er að ræða er við upphaf Landmannaleiðar frá Landvegi, þar sem sett verða upp tvö standandi skilti, austan við brúnna að Búðarhálsi, þar sem verður hallandi skilti og svo við bílastæðið við Sigöldugljúfur, þar sem sett verður upp standandi skilti. Ásamt Orkuslóðarskiltum er stefnt á uppsetningu lægri skilta við þjónustuvegin meðfram Sigöldugljúfri. Vegagerðin hefur þegar veitt jákvæða umsögn um erindi Landsvirkjunar.

Hraun - Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skiltin falli vel að landi og valin sé staður fyrir þau þar sem ekki verði rask á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Í skipulagsáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um framkvæmdir sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri